Æskulýðsnefnd á 60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga

Sóley Margeirsdóttir, Mána
Sjöfn Sæmundsdóttir, Háfeta
Sigríður Theodóra Kristinsdóttir, Geysi
Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, Sörla
Svanhildur Jónsdóttir, Grana
Matthildur Kristjánsdóttir, Spretti
Arnhildur Halldórsdóttir, Spretti
Heiðrún Sandra Grettisdóttir, Glað
Hulda Hrönn Stefánsdóttir, Smára
Freydís Örlygsdóttir, Loga
Guðmundur Hafþór Þorvaldsson, Ljúf
Helga Margrét Gígja, Ljúf
Bryndís Ásmundsdóttir, Herði
Karin Mattsson, Herði
Ásta Friðrika Björnsdóttir, Fák
Rúnar Bragason, Fák
Viktor Pálsson, Storm
Sonja Elín, Storm
Guðbjörg Pétursdóttir, Brimfaxa
Helga Rósa Pálsdóttir, Skagfirðing
Hafdís Arnardóttir, Skagfirðing
Selma Svavarsdóttir, Neista
Hjördís Rut Jónsdóttir, Sindra
Þóra Brynjarsdóttir, Mána
Haraldur L. Arnbjörnsson, Mána
Rakel Róbertsdóttir, Háfeta
Fjóla Lind Guðnadóttir, Dreyra
Stefán Ármannsson, Dreyra
Helga B. Helgadóttir, Fák

Þingskjal nr. 12

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að Keppnisnefnd LH og Æskulýðsnefnd LH fari yfir og komi með form að áhugaverðri keppni/sýningum fyrir pollaflokka ásamt því að hestamannafélögin og mótshaldara verði duglegri að vera með greinar fyrir þennan aldurshóp.

Greinargerð

Tekið verði mið af reglum sem gilda hjá ÍSÍ og íþróttafélögum almennt. Sérstaklega verði skoðað með hvaða hætti þeim sé veitt viðurkenning og upplýsingar um sitt getustig. Samkvæmt gildandi reglum eru úrslit í pollaflokkunum. Dómarar eru í erfiðleikum með að gefa tölur og eða raða. Mótshaldarar eru með mjög misvísandi leiðbeiningar um hvernig þessi flokkur skuli haldinn. Við teljum aðkomu Æskulýsnefndar LH vera mjög mikilvæga og að það sem út úr þessari vinnu kemur verði kynnt fyrir félögunum fyrir næsta keppnistímabil og prufað í framhaldinu og komi fullmótað og reynt fyrir næsta landsþing LH.

Við leggjum til að þetta að þessi tillaga verði samþykkt.

Þingskjal nr. 19

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að á Íslandsmótum barna, unglinga og ungmenna verði hringvallagreinarnar með einum keppanda í braut í einu þ.e. keppt í F1, T1, V1 og T2. Einnig þurfa mótin að vera World Ranking eins og fullorðnismótið svo knapar geti fengið árangur sinn skráðan á World Ranking stöðulistann.

Greinargerð

Á Íslandsmótum í hestaíþróttum á að keppa á hæsta mögulega stigi reiðmennsku og þar sem það reynir meira á reiðmennsku og útfærslu knapa þegar hann er einn í braut er nauðsynlegt að hafa keppnisfyrirkomulagið þannig. Einnig er þetta góður undirbúningur fyrir stærri mót s.s. Norðurlanda- og heimsmeistaramót.

Þingskjal nr. 19a

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að á Íslandsmótum barna, unglinga og ungmenna verði hringvallagreinarnar með einum keppanda í braut í einu þ.e. keppt í F1, T1, V1 og T2. Einnig **er æskilegt að boðið verði uppá** World Ranking eins og fullorðnismótið svo knapar geti fengið árangur sinn skráðan á World Ranking stöðulistann.

Greinargerð

Á Íslandsmótum í hestaíþróttum á að keppa á hæsta mögulega stigi reiðmennsku og þar sem það reynir meira á reiðmennsku og útfærslu knapa þegar hann er einn í braut er nauðsynlegt að hafa keppnisfyrirkomulagið þannig. Einnig er þetta góður undirbúningur fyrir stærri mót s.s. Norðurlanda- og heimsmeistaramót.

Við leggjum til að þessi breytingartillaga verði samþykkt

Þingskjal nr. 20

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

Tillaga

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016 samþykkir að boðið verði upp á T7 í barna- unglinga og ungmennaflokkum á Íslandsmótum.

Greinargerð

Vegna síaukinna vinsælda þessarar greinar er talið rétt að mótshaldarar Íslandsmóta bjóði upp á þessa keppnisgrein í öllum flokkum.

Við leggjum til að þessi tillaga verði felld vegna tillögu nr. 19 þar sem er verið að setja Íslandsmótið á hærra stig

Þingskjal nr. 21

Flytjandi: Fákur

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

Tillaga

60. Landsþing hestamannafélaga haldið í Stykkishólmi, dagana 14. og 15. okt. 2016 beinir því til stjórnar LH að beita sér fyrir því að hvetja alla mótshaldara að til að nýta sér kaflana um Pollatölt (8.8.3.) og Þrígang (8.8.4.) í Lögum og reglum LH og bjóði upp á þessar greinar á mótum sínum.

Greinargerð

Mikil óánægja hefur verið með að ekki hafi verið boðið upp á flokka fyrir börn yngri en 10 ára. Í Lögum og reglum LH segir í kafla 8.8.3. um Pollatölt m.a. að öll börn 9 ára á árinu og yngri hafi þátttökurétt. Allir pollar skulu fá viðurkenningu fyrir þátttöku. Það sama gildir um Pollaþrígang í kafla 8.8.4.

Síðastliðið sumar buðu örfá félög upp á þennan flokk, t.d. Suðurlandsmót sem haldið var nú í ágúst. Töluverð þátttaka náðist og var mjög gaman að horfa á hversu vel krakkarnir náðu að stjórna sínum hestum og er grátlegt til þess að vita að fullfærir krakkar hafi ekki grundvöll til að keppa. Hætta er á að þessir krakkar tapi áhuga á hestamennsku og leiti í aðrar íþróttagreinar.

Á téðu Suðurlandsmóti þá fengu krakkarnir einkunn frá dómurum, alveg eins og í öðrum flokkum, heildareinkunn var lesin upp og börnin beðin að geyma hjá sér og muna einkunina, vegna þess að á næsta móti væri takmarkið að bæta þá einkunn. Ekki var pollunum raðað í sæti og öll fengu þátttökuverðlaun. Um þetta snýst málið. Það sem ÍSÍ hefur farið fram á er að börn yngri en 10 ára keppi ekki til verðlaunasæta, en hins vegar þá er ofangreint heimilt fyrir polla.

Við leggjum til þessi tilllaga verði vísað frá vegna þingskjals nr. 12.